

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 180/2020

frá 11. desember 2020

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/552 frá 20. apríl 2020 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar þá stöðu héraðsins Valle d'Aosta á Ítalíu og sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja í Portúgal að vera laus við berkla og að því er varðar þá stöðu nokkurra svæða í Portúgal að vera opinberlega laus við öldusótt ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Íslandi.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 D 0552**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/552 frá 20. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 127, 22.4.2018, bls. 19).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 22.4.2020, bls. 19.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/552, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.